



Hreint og öruggt / Clean & Safe Skilmálar:

1. Eingöngu þeim fyrirtækjum sem hafa uppfyllt kröfur verkefnisins Hreint og öruggt / Clean & Safe er heimilt að auðkenna sig með merki þess.
2. Notkun og birting merkisins er á ábyrgð hvers fyrirtækis.
3. Fyrirtæki sem taka þátt í verkefninu og uppfylla öll skilyrði þess verða auðkennd sérstaklega á ferdalag.is og visiticeland.com.
4. Ferðamálastofa hefur ekki eftirlit með þáttökufyrirtækjum þar sem um sjálfsmat hvers fyrirtækis er að ræða.
5. Ferðamálastofa ber ekki ábyrgð á því ef fyrirtæki uppfylla ekki opinberar sóttvarnareglur og/eða atriði í sjálfsmatinu.
6. Ferðamálastofa ber enga ábyrgð komi upp sýking hjá viðkomandi ferðapjónustufyrirtæki.
7. Ferðamönnum býðst að senda inn umsagnir til Ferðamálastofu um frammistöðu þáttökufyrirtækja sem þau fá afrit af. Ferðamálastofa áskilur sér rétt til að fjarlægja merki Hreint og öruggt / Clean & Safe af skráningarsvæði fyrirtækisins á ferdalag.is og visiticeland.com, bregðist fyrirtækið ekki skjótt og vel við neikvæðum umsögnum sem kunna að berast Ferðamálastofu.
8. Ferðamálastofa áskilur sér rétt til að endurskoða sjálfsmat og merki ef þörf krefur. Ferðamálastofa mun, ef til slíks kemur, tilkynna notendum merkis um breytingar. Notendur merkis bera sjálfir ábyrgð á því að innleiða breytingar og fylgja fyrirmælum Ferðamálastofu vegna þessa.
9. Merkið Hreint og öruggt / Clean & Safe gildir til ársloka 2021 sbr. ártal á merki.

Með því að samþykkja ofangreinda skilmála skuldbindur fyrirtækið sig til að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru af hálfu Ferðamálastofu vegna þátttöku í verkefninu Hreint og öruggt / Clean & Safe.